

172  
16. okt.

## AUGLÝSING

### um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefur samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksálagningu á vörur þær, er hér eru taldar, svo sem hér segir:

1. **Gúmmískófatnaður**, að undanskildum kvensnjóhlífum (bomsum), kvenskjóhlífum og strigaskóm með gúmmibotnum, sem falla undir 3. flokk.
 

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	27%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	37%
2. **Götu- og samkvæmisskór kvenna.**

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	37%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	47%
3. **Allur annar skófatnaður.**

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	32%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	42%

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem það varðar.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson*

173  
16. okt.

## SAMPYKKT

### um lokunartíma rakarastofa á Akureyri.

#### 1. gr.

Rakarastofur á Akureyri skulu aðeins opnar virka daga: Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 6 e. h., föstudaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 8 e. h. og laugardaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 7 e. h., — þó með þeim undantekningum, sem segir í 2. gr.

#### 2. gr.

Á miðvikudögum fyrir skírdag og uppstigningardag skal heimilt að hafa opið til kl. 8 e. h.

Á annan dag páska, hvítasunnu og jóla skal heimilt að hafa opið til kl. 12 á hádegi.

Á frídegi verzlunarmanna skal lokað allan daginn.

Á Þorláksmessu (23. des.) skal heimilt að hafa opið til kl. 11 e. h.

Laugardagana fyrir hvítasunnu og páska skal lokað kl. 5 e. h.

Á aðfangadag jóla og gamlaársdag skal lokað kl. 4 e. h.

Á tímabilinu frá 15. júní til 31. ágúst skal lokað á laugardögum kl. 4 e. h.

173

16. okt.

## 3. gr.

Þá, sem komnir eru inn á rakarastofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 4. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKT

174

16. okt.

### fyrir Veidifélag Reykjakvíslar.

## 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Reykjakvíslar. Heimili þess og varnarþing er á Hveravöllum.

## 2. gr.

Markmið félagsins er:

- a. að gera fiskveg upp yfir fossa þá, er nú tálma fiskför í Reykjakvísl;
- b. að vinna að fiskrækt;
- c. að afla félagsmönnum tekna með því að leigja út til stangaveiða vötn þau, er félagið ræður yfir.

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum veiðirétti í þessum vötnum: Reykjakvísl frá upp-tökum fiskvegarins í Gljúfrum, Langavatni, Geitafellsá og Kringluvatni, ásamt þeim vötnum öðrum, sem í þessi renna.

Félagsmenn eru ábúendur þessara jarða: Þverár, Holtakots, Stóru-Reykja, Litlu-Reykja, Hveravalla, Laufahlíðar, Brekknakots, Klambarsels, Langavatns, Geitafells, Kasthvamms, Presthvamms, Klambra, Brekku, Yztahvamms, Ness og Árbótar.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum öðrum en félaginu að stunda veiði í vötnum þeim, sem talin eru í 3. gr., nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram